

(B. XX, 1).

Nd.

48. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. grein að minsta kosti 18 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin »6 mánuðir« í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 24 mánuðir.

3. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skírteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskípum, og auk þess verið að minsta kosti 12 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

4. gr.

Orðin »eða til stuttra ferða« í 1. málgr. 6. gr. laganna falli burt.

5. gr.

2. málgr. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 18 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

A s t æ ð u r .

Frv. þetta er flutt eftir beiðni nokkurra manna, sem vjelgæslu stunda á mótorskipum. Er í frv. þessu farið fram á að lengja nokkuð þann tíma, sem mönnum er ætlað að stunda vjelgæslu til að öðlast rjettindi eftir nógildandi lögum. Á Alþingi í fyrra voru fluttar breytingartillögur þess efnis, að langur starfstími við vjelgæslu veitti sömu rjettindi og próf frá námsskeiði Fiskifjelags Íslands og væntanlegum mótorskóla. Voru þessar tillögur feldar í Nd., og þykir því eigi fært að ganga svo langt í frv. þessu.

Orðin »æða til stuttra ferða« í 6. gr. nógildandi laga orka tvímælis, og þykir því rjett að fella þau burt.

Farið er fram á breytingu á síðari málsgrein 7. greinar, þar sem komið mun hafa í ljós, að heppilegra sje að gera þar á nokkra rýmkun.